

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 164/2007

frá 7. desember 2007

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 653/2007 frá 13. júní 2007 um notkun sameiginlegs, evrópsks eyðublaðs fyrir öryggisskírteini og umsóknargögn í samræmi við 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB og um gildistíma öryggisskírteina sem gefin eru út samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/14/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 42e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„42ea. **32007 R 0653**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 653/2007 frá 13. júní 2007 um notkun sameiginlegs, evrópsks eyðublaðs fyrir öryggisskírteini og umsóknargögn í samræmi við 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB og um gildistíma öryggisskírteina sem gefin eru út samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/14/EB (Stjtíð. ESB L 153, 14.6.2007, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 653/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 89, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 88.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 153, 14.6.2007, bls. 9.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.